

GREINARGERÐ UM INNRA MAT

Niðurstaða innra mats (styrkleikar og tækifæri)

Stutt lýsing á skóla og vinnu við innra mat

Ölduselsskóli er heildstæður grunnskóli fyrir nemendur frá 1. – 10. bekk og eru nemendur um 500 talsins. Fagmennskuteymi skólans heldur utan um innra mat. Í fagmennskuteymi sitja þrír stjórnendur og þrír kennarar sem koma af yngsta, mið og unglingastigi skólans. Fagmennskuteymi fundar mánaðarlega. Innra mat byggir á gæðaviðmiðum Menntamálastofnunar, áherslum menntastefnu Reykjavíkur og leiðsagnarnámi. Gögn sem notuð eru í matinu eru m.a. viðhorfskannanir nemenda, foreldra og starfsfólks, starfsþróunarsamtöl, tengslakannanir meðal nemenda, niðurstöður námsmats í læsi (Lesfimi, Lesskimun í 1. bekk, Lesmál 2. bekkur) og framvinduprófum MMS (stærðfræði og lesskilningur), vettvangsathuganir í kennslustundum og daglegar skráningar. Matsáætlanir eru hluti af skólanámskrá og starfsáætlun.

Helstu niðurstöður innra mats

Innra mat skólaárið 2025 -2026 leiddi í ljós að styrkleikar skólans liggja í sterku umhverfi sem styður við vellíðan og farsæld nemenda, jákvæðum skólabrag, góðri stjórnun og stöðugleika. Áherslupættir sem þarfnast umbóta eru m.a. betri upplýsingagjöf um skipulag náms og námsárangur. skipulag náms, sjálfsefling og tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu. Áætlun fyrir skólaárið 2026–2027 (sjá Rautt skjal) miðar að því að bæta gæði kennslu og samræma vinnulag í tengslum við skipulagningu náms og kennslu. Gera markmið og upplýsingar um árangur sýnilegri. Gagnaöflun mun fara fram með viðhorfskönnunum, námsmati og innlitum í kennslustundir.

Styrkleikar og tækifæri

Niðurstöður matsferla í lesfimi, lesskilningi og stærðfræði sýna að skólinn stendur vel í meðaltalshópnum, oft yfir landsmeðaltali. Áhersla þarf þó að vera í kennslu og stuðningi við nemendur sem ekki ná viðmiðum í lestri og lesskilningi á efri stigum skólans. Samkvæmt niðurstöðum foreldrakönnunar meta foreldrar líðan og velferð barna sinna í Ölduselsskóla almennt mjög jákvætt. Sérstakir styrkleikar felast í góðum samskiptum við starfsfólk, öryggi nemenda og trausti til þess stuðnings sem börnin fá. Niðurstöðurnar gefa til kynna að skólinn búi yfir sterku umhverfi sem styður við vellíðan og farsæld nemenda, jafnframt því sem áfram má leggja áherslu á að efla jákvæðan skólabrag og styrkja enn frekar upplifun nemenda af vellíðan og sanngirni í skólastarfinu.

